

Fundargerð 4. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2019, þriðjudaginn 30. apríl kl. 16, að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Lovísa Traustadóttir, Garðar Smári Gunnarsson, Elísabet Valgeirsdóttir, Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfs- og framkvæmdaþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Kynning, Sóltún nýr rekstraraðili.

Halla Thoroddsen, framkvæmdastjóri Sóltúns Öldrunarþjónustu, mætti á fundinn og kynnti starfsemi Sóltúns. Unnið hefur verið að verkefninu síðan sl. sumar. Sóltún Öldrunarþjónusta tók við rekstri hjúkrunarheimilisins og dagdvalarinnar 1.apríl s.l. Sjá meðfylgjandi kynningu.

2. Samningur við Sóltún um rekstur dagdvalar og afnot af Sólvangi.

Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu fór yfir stöðu samninga vegna reksturs og dagdvalar og hjúkrunarheimilisins. Drög liggja fyrir að samningunum sem verða kynntir og afgreiddir í bæjarráði.

3. Loftlyftukerfi.

Loftlyftukerfi sem fest verður í 57 herbergi af 60 er staðalbúnaður sem var utan útboðs. Send var verðfyrirspurn til fjögurra aðila. Títus ehf. var með lágsta verð og samþykkir verkefnastjórnin tilboðið og heimilar sviðsstjóra Umhverfis- og framkvæmdaþjónustu að ganga til samninga við lágstbjóðanda.

4. Næsti fundur.

Næsti fundur verður á Sólvangi kl. 16, þann 13.júní.

Fundi slitið kl. 17:00.

